



Sýslumaðurinn á Vestfjörðum

Sími: 458 2400 - Netfang: vestfirdir@syslumenn.is - Veffang: www.syslumenn.is

Ísafirði, 24. október 2018.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- sent um samráðsgáttina www.island.is.

Mál ráðuneytis nr. S 170/2018

Efni: Athugasemdir við efni draga að frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 auk fleiri atriða.

Telja verður flest efnisákvæði í drögum að umræddu frumvarpi að því er varðar eftirlit og viðurlög séu til bóta. Brynt er að unnt sé að koma fram eðlilegum viðurlögum við brotum á ákvæðum laga nr. 85/2007 og að beiting þeirra sé í senn fljótverk og einföld án þess að það komi niður á vandaðri málmeðferð. Þó þykir eðlilegt að sýslumenn hver í sínu umdæmi annist þau verkefni sem löggin tiltaka eftir því sem við verður komið. Verður það að teljast í samræmi við meginákvæði laga nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnslu ríkisins í héraði og skiptingu landsins í stjórnsluumdæmi.


Í því sem hér fer á eftir er einkum horft til á liðar 3. gr. frumvarpsdraganna þar sem gert er ráð fyrir að einum leyfisveitanda af níu, þ.e. Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, verði falið að leggja á stjórnvaldssektir vegna leyfislausrar en leyfisskyldrar starfsemi á landsvísu. Þótt þetta kunni að líta út fyrir að vera hagkvæmt er hætt við að embætti hans geti ekki haft þá yfirsýn sem æskileg telst til að fylgjast með leyfislausri starfsemi skv. lögum á landinu öllu. Þótt einhver skörun kunni að eiga sér stað milli þess sem telst vera skráningarskyld starfsemi (heimagisting) sem embætti hans hefur eitt umsjón með og starfsemi sem telst leyfisskyld (rekstrarleyfi) ætti sjaldnast að vera vandkvæðum bundið að greina þar á milli.

Sýslumenn hljóta eðli máls samkvæmt að hafa næga þekkingu og burði til að sinna þessu verkefni jafnt og öðrum verkefnum sem þeim eru falin samkvæmt lögum nr. 85/2007 og reglugerðum byggðum á þeim enda annast þeir útgáfu leyfa skv. lögum auk þess að sinna fjölbreyttum stjórnsluverkefnum öðrum hver í sínu umdæmi. Þá hlýtur sú aukna nálægð sem þeir hafa við þá starfsemi sem þarf að taka á að vera til bóta. Minnt skal á að á vettvangi sýslumanna eru starfrækt svonefnd fagrað um ýmsa málaflokka, þ.m.t. um leyfisveitingar, og falla þar undir leyfi skv. lögum nr. 85/2007 og ýmis álitæfni sem þeim eru tengd, en undirritaður er formaður þess fagraðs nú um stundir. Hefði mátt telja eðlilegt að fagraðið hefði verið haft með í ráðum um þessi áform sem og embætti allra sýslumanna utan höfuðborgarsvæðisins.

Ekki verður séð að mikil hætta sé á ósamræmi í framkvæmd verkefna tengdum lögum enda hafa sýslumenn með sér náð samráð um ýmis málefni jafnt á vettvangi fagraða sem annars staðar og að því er best verður séð ekki um ýkja flókið úrlausnarefni að ræða að ákvarða stjórnslusekt vegna leyfisskyldrar starfsemi sem rekin er án leyfis samkvæmt tédum ákvæðum. Eftir að leyfisskyldum aðilum var fækkað og rekstrarleyfi urðu ótímabundin í ársbyrjun 2017 verður vinna tengd endurnýjun þeirra úr sögunni og ætti við það að skapast eitthvert svigrúm til að sinna eftirliti skv. lögum þótt vissulega séu fjárveitingar af skornum skammti til embættanna. Mætti jafnvel telja vel þess virði að skoða rækilega hvort ekki sé rétt að fela sýslumönnum hverjum í sínu umdæmi aukin verkefni tengd heimagistingu fremur en að öllum verkefnum tengdum henni sé sinnt frá einu embætti fyrir allt landið.

Litlar upplýsingar hafa fengist um hvernig framkvæmd þess eftirlits sem Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu er ætlað að sinna með skráningar- og rekstrarleyfisskyldum aðilum skv. lögum nr. 85/2007 er háttáð, þá loksins að fjárveitingar sem eitthvað munar um fengust til þess. Hefði sjálfsagt mátt fá greinargóðar upplýsingar um þetta en vegna hins skamma tíma sem veittur er til að senda inn athugasemdir vannst ekki tími til að kalla eftir þeim.

Verður raunar að finna að því hversu skammur tími er veittur til að senda inn athugasemdir en um margt erum talsvert veigamiklar breytingar að ræða eins og að heimila ekki leigjendum húsnæðis að skrá þar heimagistingu. Er hætt við að ýmislegt komi ekki fram frá ýmsum aðilum sem vel ætti heima á þessum vettvangi fyrir vikið. Þykir af þessum sökum verða að áskilja rétt til að koma athugasemdum jafnt undirritaðs sem sýslumanns sem og fagráðs sýslumanna um leyfisveitingar á framfæri á síðari stigum, en ekki hefur náðst að kalla fagráðið saman til að fjalla um þetta.



Jónas Guðmundsson

sýslumaður og formaður fagráðs sýslumanna um leyfisveitingar